



Urðum að verkunum og erum þau enn

● The Great Exhibition, umfangsmikil sýning á verkum Gilberts & George verður opin í Listasafni Reykjavíkur frá deginum í dag ● Harma að komast ekki á sýninguna og borða í fyrsta skipti heima

VIÐTAL

Einar Falur Ingólfsson
efi@mbl.is



„Mikið vildi ég að við gætum verið við opnun sýningarinnar okkar í Reykjavík. Það er sorglegt að geta það ekki. Við heimsóttum landið og Listasafn Reykjavíkur í fyrra, til að skoða aðstæður, og það var alveg frábært,“ segir George.

„En staðan er erfið vegna far-sóttarinnar því við erum báðir á áttæðisaldri,“ bætir Gilbert við. „Við erum því í svokölluðum áhættu-hópi, til að mynda í flugvélum og þar sem fólk kemur saman. Meira að segja á gönguferðum er viss hættu, er okkur sagt. Við förum samt daglega í þrjár göngur utandyra og svo þrjár hér innandyra – við göngum hringinn í kringum borðin hérna,“ segir hann og bendir á löng borðin í vinnustofnunni.

Ég er kominn í heimsókn til Gilberts Proesch, sem er fæddur á Norður-Ítalíu, og George Passmore í húsið þeirra við Fournier-stræti á East End í London, þar sem þeir hafa búið og starfað í meira en hálfa öld. Hús sem hefur með tímanum orðið nánast goðsagnakennd miðstöð sköpunar listamanna tveggja sem slógu í gegn upp úr 1970 sem einn listamaður sem kallar sig Gilbert & George og hafa þeir lengi verið í hópi kunnustu og umtöl-uðustu samtímalistamanna Bretlands. Þeir eru nú 76 og 78 ára.

Afar umfangsmikil sýning á mörgum af þekktustu verkum Gilberts & George verður opin gestum í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur frá og með deginum í dag, sett upp í flestum sölum safnsins, og er á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík. *The Great Exhibition* er heiti sýningarinnar og gefur mjög gott yfirlit yfir myndheim og viðfangsefni tvímenn-inganna síðustu fimm áratugi. Sýningin var fyrst sett upp í Arles í Frakklandi fyrir tveimur árum og hefur síðan haft viðkomu í Stokk-hólmi og Ósló. Sýningarstjórnarnir eru víðkunnir, Hans Ulrich Obrist, stjórnandi Serpentine Gallery í London, og Daniel Birnbaum, stjórnandi Acute Art. Samhliða op-nu sýningarinnar hefur verið gefin út afar vegleg sýningarskrá sem þýdd hefur verið á íslensku, um 460 blaðsíður og hönnuð af listamönnum sjálfum. Í henni er meðal annars að finna ítarlegt og skemmtilegt samtal listamanna og sýning-arstjórnanna um feril þeirra og verk, auk mynda af sýningum á verkum þeirra.

Breyttu lífi sínu í skúlptúr

Gilbert & George hafa verið áberandi í menningar- og mannlífi Lundúnaborgar síðustu hálfa öld. Þeir kynntust í St. Martin's-listaskólanum í London árið 1967 og byrjuðu fljótlega að búa og starfa saman. Báðir lögðu stund á skúlptúr í skóla en á frægri sýningu þeirra um það leyti er námi lauk birtust þeir sem „lifandi skúlptúr“ á sviði í vel sniðnum borgaralegum jakkafötum. Þeir fylgdu því eftir með fleiri „lifandi skúlptúrum“, meðal annars þar sem þeir sungu sama lagið klukkustundum saman, svo minnr á úthaldsgjörninga ým-issa yngri listamanna, og kalla þeir slík verk „syngjandi skúlptúra“. Þeir hafa í raun gert líf sitt að einum samfelldum gjörningi, þar sem þeir ganga snyrtilegir og kurteisir gegnum lífið, yfirlýstir íhaldsmenn og konungssinnar. Auk skúlptúr-anna, eða gjörninganna, þróuðust verk þeirra frá því að vera nokkrar ljósmyndir settar upp saman sem sýndu gjörninga þeirra, til að mynda hvar þeir sitja að drykkju, yfir í samsett verk í mörgum sam-felldum römmum sem byggð eru að



Morgunblaðið/Einar Falur

Listamennirnir „Fyrir okkur er allt það besta í lífinu skipulagt eða mótað af íhaldssömu viðmóti,“ segja Gilbert og George. Listamennirnir kunnu eru hér við heimili sitt og vinnustað síðustu hálfa öldina, á East End í London.



Life Hluti gríðarstórs þrískipts verks sem er í allt meira en 19 metra breitt, Death Hope Fear Life (1984), er birt á forsiðu veglegrar sýningarskrár.

mestu á ljósmyndasamklippum, þar sem myndir af þeim Gilbert & George sjálfum í ýmiss konar að-stæðum og stellingum eru áberandi, auk fólks, hluta og staða sem þeir mynda í hverfinu sínu á East End í London. Og viðfangsefni eru ein-föld en mikilvæg, eins og líf, dauði, trúarbrögð, kynlíf, stjórnmál. Textar eru áberandi í mörgum verkanna, til að mynda sóttir í aug-lýsingaplaköt götublaða, og þá hafa vísanir þeirra í kynlíf samkyn-

hneigðra og birting líkamsvessa í verkum á stundum ögrað og vakið umtal.

Þetta er heimurinn okkar

Þeir Gilbert og George fagna gestinum sem er með grímu fyrir vitum eins og þeir, og þeir leiða mig síðan gegnum húsið sitt gamla frá 18. öld, þar sem þeir byrjuðu á að leigja sér herbergi að búa og vinna í í upphafi ferilsins en gátu keypt nokkrum árum seinna þegar verk

mjög myndarleg, við hönnuðum hana frá grunni. Það var gott að koma að mörgum myndum frá ólíkum sýning-arstöðum, þá má sjá hvernig verkin taka sig út í ólíkum rýmum. Það er mjög mikilvægt fyrir þetta sjónræna tungumál okkar að verkin fari inn í ýmis söfn, þar sem þau hafa lagt undir sig salina með heimi Gilberts & George. Þetta er heimurinn okkar.“

Fyrstir með verk um veiruna

Kórónuveirufaraldurinn hefur vitaskuld haft mikil áhrif á líf tvímenn-inganna, eins og annarra.

George: „Þetta eru miklar breyt-ingar, og hræðilegar. Allan þann tíma sem við höfum starfað saman höfum við bara borðað á veit-ingastöðum, við höfum aldrei nokk-urn tíma borðað hér í húsinu. En núna erum við bara í fjandans hús-inu.“

Áhugafólk um myndlist gat á dögu-num fylgst með röð stuttra mynd-banda sem voru birt á Instagram-síðu gallerís þeirra, White Cube, og sýndu tvímenn-ingana borða, ganga og dunda sér innan dyra hússins, við þessar furðuádstæður. Þeir segjast sakna mikið veitingastaðarins sem þeir hafa nú borðað á undanfarinn aldarfjórðung.

Gilbert: „Og við söknum þjónanna mest!“

George: Við hittum þá oft en nokkurn annan - sjö daga vikunnar.“

Gilbert: „Við erum með einn að-stoðarmann sem býr ekki langt héð-an og hann kemur nú á morgnana með dagblöðin og mat, sem hann set-ur í þennan litla ísskáp þarna, eina ísskápinn í húsinu. Hann kemur með ost, skinku, salami...“

George: „Við keyptum ísskápinn fyrir nokkrum árum, bara til að kæla kampavín sem var alltaf verið að gefa okkur. Við vorum aldrei með mat áður í húsinu en nú urðum við að taka kampavínið út, vín sem við ann-ars drekkum aldrei, og koma matnu-um þar fyrir.“

Gilbert: „En ástandið hefur ekki breytt því hvernig við vinnum, við höfum haft mikið að gera, höfum skapað 85 ný verk,“ segir hann spenntur.

George: „Við höfðum lokið við að hanna þau þegar veiran skall á.“

Gilbert: „Við gáfum myndröðinni heiti strax í janúar og köllum...“

George: „... *The New Normal Pictures*. Og þremur vikum síðar fengu verkin, og heitið, alveg nýja merk-ingu með veirunni.“

Gilbert: „Við tölum um farald-urinn sem „hið nýja norm“.“

George: „Við vorum fyrstir með þetta! Myndirnar eru allar um veiru-una en urðu til á undan veirunni.“

Gilbert: „Titillinn kom til af því að við vildum þýða hugmyndina að baki franska orðinu existensialismi. Við ákváðum að það þýddi eitthvað normal. Og hver mynd í röðinni er kölluð hið nýja normal ástand. Við erum mjög spenntir fyrir þessum myndum en vandamálið er að við vit-um ekkert hvenær galleríin geta sýnt þær.“

George: „Kannski verður það ekki fyrr en eftir að við erum allir.“

Gilbert: „En við höfðum þegar hannað verkin þegar faraldurinn brast á. Við hönnuðum verkin alltaf í hlutfallinu einum tíunda af endan-legri stærð. Þá tekur við að stækka verkin upp og nú erum við, eins og þú sérð á veggnum bak við þig, að prufa hina ýmsu þætti verkanna. Þegar við erum orðnir ánægðir með samsetninguna þá ljúkum við við verkin og prentum þau út.“

Þessi nýju verk eru einstaklega fjölbreytileg og við höfum unnið af kappi að þeim í þessari innlokun, alla daga.“

Dauði, von, líf, kynlíf...

– Hvað munu gestir sem koma á sýninguna í Reykjavík upplifa?

þeirra fóru að seljast fyrir háar upp-hæðir. Við förum gegnum húsið og inn í eina vinnustofuna fyrir aftan en þá skála gátu þeir keypt nokkrum árum eftir að þeir eignuðust íbúðar-húsið. Í einum skálanum er ljós-myndastúdíó og raðir af prenturum og tölvum, en við setjumst niður við langt borð í öðrum skála, þeir and-spænis mér og á milli okkar er módel-ið sem þeir gerðu af sýningarsöl-una í Hafnarhúsinu þegar þeir voru að ákveða hvaða verk ættu að fara þar upp. Þeir félagar taka niður grímurnar en ég hef mína áfram fyrir vitum. Þeir tala áfram um að þeir harmi að ná ekki að vera við opnun sýningarinnar í dag.

George: „Við njótum þess alltaf að vera við opnanirnar okkar. Við dáum að hitta fólk.“

Gilbert: „Því við höldum upp á al-menning!“

George: „Við erum vonsviknir yfir því að geta ekki mætt, ekki síst vegna þess að Ísland er sú eyja sem er í næstmestu uppáhaldi hjá okk-ur.“ Þeir hlæja og bæta við að þeir setji hana á listann næst Bretlandi.

Gilbert: „Við gerðum þetta módel af sýningunni í Reykjavík fyrir all-nokkru síðan og erum mjög ánægðir með uppröðun verkanna. Þessi sýn-ing hefur komið mjög vel út í öllum söfnum.“

– Viðtalið við ykkur í þessari miklu sýningarskrá, segi ég og fletti bókinni, er einstaklega upplýsandi.

„Ætli það megi ekki kalla þessa skrá eins konar legstein yfir okkur,“ svarar Gilbert og glottir. „Hún er





Gilbert: „Þeir munu standa andspænis sýn Gilberts & George, þar sem við tókumst á við heiminn...“

George: „... dauðann, von, líf, kynlíf, kynþætti, peninga, trú ...“

Gilbert: „...Shitty Naked Human World,“ segir hann og vitnar í heiti verks eftir þá félag.

George: „Sumir halda að við séum að sýna lífið í raun en þetta er tilbúinn heimur okkar. Hvergi í heiminum sérðu neitt sem lítur út eins og þessar myndir, þær eru „tilbúningur“.“

Gilbert: „Þær birta hugmyndir og tilfinningar sem eru innra með okkur. Við erum ekki að takast á við listheiminn heldur líf allra manna.“

George: „Já, það er dapurlegt að geta ekki verið við opnun sýningarinnar.“

Gilbert: „Fólk nær ekki oft að sjá sýningu á borð við þessa, það er sjaldgæft.“

Talið berst að viðbrögðum fólks við verkum þeirra félaga, sem eru afar þakklátir fyrir bréf sem þeir segjast berast þeim flesta daga með viðbrögðum og þökkum og svo komi fólk daglega að þeim á götum úti og þakki fyrir verkin, sem það hafi jafnvel ekki séð á sýningum heldur bara í eftirþentunum eða til dæmis í sjónvarpi. En sumir hneykslast.

George: „Einu sinni var spurð fyrir í svissneska þinginu um ákveðin verk, þegar þau voru sýnd í Basel. Þau þóttu vera „of sexí“.“ Hann brosir.

Gilbert: „Þetta er eitt verkanna sem var rætt um þar,“ og hann flettir upp á „Shit Faith“ frá 1982, einfalda teikningu sem sýnir kross myndaðan úr kúk. „Annað verk sem spurt var um er frá sama tíma, „Sperm Eaters“.“ Bæði þessi verk eru á sýningunni í Hafnarhúsinu.

George: „Þú sérð hvað getur hvílt á þingmönnum.“ Hann glottir. „Það minnir á konuna sem um 1600 stoppaði úti á götu manninn sem setti saman fyrstu orðabókina og óskaði honum til hamingju, með að hafa engin dónaorð í þessu dæmlega orðasafni. Hann svaraði: Ég þakka þér kærlega fyrir að athuga það.“

Menn eins og allir hinir

Gilbert og George segjast hafa mjög gaman af því að hanna sýningararnar á verkum sínum, sem þeir vilji hengja mjög þétt með flennistórum verkunum.

Gilbert: „Okkur finnst áhugavert að ná að taka yfir heila áhorfenda. Það er mikilvægt fyrir okkur. Flestir sýningarhönnuðir eru hrifnir af míni-



One World Verk eftir Gilbert & George frá 1988, 254 cm breitt.



Tongue Fuck Tveggja metra breitt verk í 16 hlutum frá árinu 1982.

mal innsetningum en slíkt kunnum við ekki að meta.“

George: „Safnstjórar eru vanir að setja upp sýningar sem eiga að gæla við þeirra eigin smekk, sem okkur finnst rangt. Þeir eiga að setja sýningar upp með áhorfendur í huga.“

Gilbert: „Við erum menn eins og allir hinir og um það fjalla verkin, eru um sýn okkar á heiminn og það hvernig við göngum gegnum lífið og bregðumst við því.“

George: „Í raun spyr fólk sig bara tveggja spurninga: Getur heimurinn verið betri? Og getur líf okkar orðið betra? Það er ekkert annað.“

– Og þið haldið áfram að takast á við þessar spurningar?

George: „Þangað til við finnum svörin!“ Þeir hlæja. „Við höldum áfram að spyrja.“

Gilbert: „Við erum það sem má kalla trúleysingja. Fyrir okkur var upplýsingarstefnan mikilvægasta framfaraskrefið. Augnablikið þegar hægt var að segja að það væri enginn guð. Að við séum ein hér og þyrftum að finna leið til að lifa saman sem mannlegar verur; það væri enginn guð sem gæti tekið mál í sínar hendur. Darwin kenndi okkur á sannleikann“

– Trúarbrögð eru einn þeirra þátta sem þið takist oft á við.

George: „Auðvitað! Það er mikilvægt.“

Gilbert: Það þarf að berja þau niður,“ bætir hann við og hlær.

George: „Við höldum því áfram þar til þau biðjast einu sinni afsökunar, biðjist fyrirgefningar. En það gerist aldrei...“

Við kunnum vel við margt trúað fólk en ekki við skort trúarbragða á umburðarlyndi.“

Bestu myndirnar þær erfiðu

Undanfarna hálföld hafa Gilbert & George nýtt sér umhverfið á East End í margbreytileg verkin, hverfi sem þeir segja endurspeglja alla heimsbyggðina. Þeir þurfi því ekki að leita lengra. En allt byrjaði það

með lifandi skúlptúrnum sem þeir mótuðu úr og gerðu að lífi sínu.

George: „Það varð okkar leið því við vorum úr lágstétt, tilheyrðum ekki miðstéttarnemendum sem höfðu möguleika á stuðningi fjölskyldu, aðang að kennslustöðum í hlutastarfi, gátu komist til dvalar í listamannaþúðum í Róm. Þeir höfðu alls kyns tækifæri en við ekkert, vorum bara listin og það var allt sem við höfðum! Við vorum í raun heppnir að búa ekki við nein forréttindi.“

Gilbert: „Við vildum vera listamenn og urðum að finna leið til að leggja stund á listina án þess að hafa stúdíó. Við gerðum okkur sjálfa því að hlutum, eins konar skúlptúr með fætur sem gengu um. Við gáum sent boð á viðburði okkar, þar sem við gengum um Hyde Park eða sátum og drukkum te. Við urðum að verkunum og erum þau enn.“

– Og hafið haldið áfram að lifa lífinu þannig í meira en hálföld.

Gilbert: „Já, og nú erum við orðnir gamlir á myndunum!“ Þeir hlæja. Hann bætir við: „Ætli það sé ekki sífellt erfiðara að selja verkin okkar þar sem við erum ekki lengur ungir og falletgir?“

En þeim félögum hefur óeitanlega gengið vel og þeir sýna mér teikningar af húsum sem stofnun í þeirra nafni hefur keypt skammt frá heimilinu og er verið að breyta í safn um þá. Þeir eiga sjálfir fjölmörg verkanna sem þeir hafa skapað gegnum árin og þar verða þau sýnd.

George: „Við eigum mjög gott safn af minnst þægilegu verkunum okkar.“ Hann glottir og bætir við að safnarar vilji síður kaupa verk með umdeilanlegum viðfangsefnum, eins og þau sem taka á samkynhneigð, kynlífi eða sýni til að mynda saur eða þvag. „Allar bestu myndirnar eru þær erfiðu!“

Mótlæti vegna íhaldsskoðana

Þeir félagar hafa löngum gert það að umtalsefni að þeir séu íhaldsmenn. Segja þeir marga í listheiminum, sem sé einsleitur í stjórnmálaskoðunum, hafa verið svo ósátta við það að á áttunda áratugnum hafi þeir nánast yfirgefið listheiminn.

George: „En fyrir okkur er allt það besta í lífinu skipulagt eða mótað af íhaldssömu viðmóti.“

Gilbert: „Frelsi! Frjálsri hugsun!“

George: „Yfir höfuð þá styðja íhaldsmenn við hugmyndir um einstaklinginn og einstaklingsfrelsi en í einfaldaðri mynd þá eru vinstrimenn með áhuga á einsleitni. Þar snýst allt

um hópa, hvort sem það eru kennarar eða námuverkamenn, og það er ógnvekjandi.“

Gilbert: „Ein hugmynd í sósíalísmi er að listin sé hluti af hinu opinbera. Jafnvel hér myndi vinstríð vilja skipulegga sósíalíska list sem yrði að vera góð fyrir fólkið, hvað sem það gæti þýtt. Þá væri listamaðurinn ekki lengur frjáls hugsuður.“

En í byrjun ferils okkar mættum við mikilli andúð og jafnvel fjandskap þegar við sögðumst vera íhaldsmenn. Við áttum ekki að fá að vera öðruvísi en aðrir.“

George: „Það er merkilegt að á sviði þar sem frumleiki er lykilatriði, eigi allir að hafa sömu pólitísku skoðanir.“ Hann hristir höfuðið, bætir svo glottandi við: „Gegnum árin höfum við fengið mikla hjálp frá óvinum okkar.“

Verkin stór eins og strætisvagn

Frelsið og sjálfstæðið er Gilbert & George mikilvægt. Þeir leita innblásturs í sínu umherfi, aldrei í verkum annarra listamanna, segja þeir. Segjast ekki hafa farið á sýningar annarra eða söfn áratugum saman. Og segjast vera að „springa úr hugmyndum að fleiri verkum“ en þeir muni nokkurn tímann ná að skapa.

George: „Við erum sífellt að rannsaka: horfa, hugsa, safna og skrifa lista. Þegar kemur að því að búa til nýja röð verka þá er efniviðurinn þegar til og við byrjum að taka ljósmyndir út frá því.“

Gilbert: „Og við tókum allar myndirnar sjálfir, höfum alltaf gert það. Það er mikilvægt að við ýtum á takkann á myndavélinni. En við erum ekki ljósmyndarar, við söfnum myndir með þessum hætti, sköpum úr þeim kompósísjónir eins og listamenn hafa alltaf gert.“

– Og vilduð strax hafa verkin stór.

George: „Við vildum keppa við listamennina sem höfðu skapað stóru verkin í National Gallery.“

Gilbert: „Við viljum ekki að fólk tali niður til verkanna heldur að þau tali niður til okkar.“

George: „Þau eru stór - stór eins og stætisvagnar eða næturklúbbar!“

Gilbert: „Stór eins og verk voru í kirkjum. Nema okkar verk eru ekki trúarleg og það er mikilvægt. Við fundum snemma okkar persónulega tungumál og það mun tala til fólksins sem kemur á sýninguna.“